

Skýrsla æskulýðsnefndar Ljúfs til L.H fyrir starfsárið 2004 til 2005.

Í æskulýðsnefnd störfuðu á tímabilinu Anna Björg Níelsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Óttar Baldursson.

Boðið var uppá eftirfarandi námskeið á vegum nefndarinnar.

- 1) Almenn reiðnámskeið, 6. ára og eldri
- 2) Knapamerkjanámskeið fyrir 12 ára og eldri
- 3) Keppisnámskeið fyrir 12 ára og eldri

Skráning var dræm á almenna námskeiði þannig að fella varð það niður. Aftur á móti var ágæt skráning á bæði knapamerki og keppisnámskeið.

Kennarar á knapamerkjanámskeiði voru þau Olil Amble og Bergur Jónsson, alls tóku 7 börn þátt í námskeiðinu sem var fyrsta merkið þ.e. grænt. Allir útskrifuðust með góða einkunn bæði í bóklegum og verklegum hluta. Afhending merkisins fór svo fram með tilheyrandi kökuveislu þar sem tveir nemendur buðu upp á súkkulaðiköku með grænu knapamerki.



Kennari á keppisnámskeiði var Trausti Þór Guðmundsson, þar voru einnig skráð 7 börn. Námskeiðið var í heildina 8 tímar, þar sem börnin nutu leiðsagnar Trausta Þórs og hans frábæru hæfileika til að miðla af visku sinni. Ekki minni áhuga höfðu foreldrar sem fylgdust spenntir með af pöllumum.

Undanfarin ár hefur æskulýðsnefndin fengið styrki til starfsins frá Sveitarfélaginu Ölfusi og Hveragerðisbæ þetta árið var engin undantekning hvað það varðar. Auk þess fengum við styrk frá Ölfushöllinni. Æskulýðsnefndin þakkar þessum styrkveitendum kærlega fyrir. En án þeirra hefði verið lítið um námskeiðshald.

Laugardaginn 12. mars var boðið uppá rútuferð á sýninguna Æskan og hesturinn, því miður var þátttakan ekki það mikil að það tæki því að fara á rútu þannig að einkabílar voru látnir duga. Þeir sem fóru voru ánægðir með ferðina. Vonandi næst stærri hópur til fararinnar á næstu sýningu.

Á Uppstigningadag þann 5. maí, bauð Ljúfur hestamannafélögunum Sleipni og Háfeta til sín, þar sem farið var í sameiginlegan reiðtúr. Um 40 börn, fullorðnir og hestar lögðu upp frá Kvíarhóli í Ölfusi og riðu eftir nýlögðum reiðvegi framhjá Ingólfshvoli, Grænhól og yfir til Eldhesta. Þegar þangað var komið fóru börnin í þrautabraut á hestunum og sýndu margir góð tilþrif. Eftir það tók Hróðmar á móti okkur og kynnti starfsemi Eldhesta. Að lokum var slegið upp pylsuveislu með tilheyrandi og Kjörís bauð öllum uppá klaka. Sama leið var farin til baka og endað á Kvíarhóli. Allir voru ánægðir með ferðina og var ákveðið að gera eitthvað svipað að ári.



Kveðja Anna Björg Níelsdóttir, Sunnuhvoli